

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 30

25. árgangur

9.5.2018

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2018/EES/30/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8792 – T-Mobile NL/ Tele2 NL)	1
2018/EES/30/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8865 – AIG/Validus) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2018/EES/30/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8913 – HPS/MDP/ Capita) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2018/EES/30/04	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8805 – Panalpina/DFG/PA NL Perishables)	4
2018/EES/30/05	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8824 – Mitsui Rail Capital Europe/Siemens Nederland/JV)	4
2018/EES/30/06	Ríkisaðstoð – Pólland – Ríkisaðstoð SA.43127 (2015/NN) (áður 2015/N) – Endurskipulagning svæðisbundinnar járnbrautarþjónustu í Póllandi – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	5
2018/EES/30/07	Ríkisaðstoð – Rúmenía – Ríkisaðstoð SA.43785 (2018/C) (áður 2015-PN, áður 2018/NN) – Aðstoð til endurskipulagningar við Complexul Energetic Hunedoara – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	5

2018/EES/30/08	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2017 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.40208 – Reglur um þátttöku Alþjóðaskautasambandsins)	6
2018/EES/30/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi reglur um markaðsgreiningu og mat á þýðingarmiklum markaðsstyrk samkvæmt regluramma ESB um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu	6
2018/EES/30/10	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun um styrkveitingar á sviði samevrópskra fjarskiptaneta samkvæmt sjóðnum fyrir samtengda Evrópu fyrir árin 2014 til 2020	7
2018/EES/30/11	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum	8

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2018/EES/30/01

(mál M.8792 – T-Mobile NL/Tele2 NL)

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. maí 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- T-Mobile Netherlands Holding B.V. („TMNL“, Hollandi) sem lýtur yfirráðum Deutsche Telekom AG (Þýskalandi) og
- Tele2 Netherlands Holding N.V. („Tele2 NL“, Hollandi).

TMNL nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Tele2 NL.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TMNL: veitir einkaviðskiptavinum sínum og viðskiptavinum í fyrirtækjarekstri í Hollandi fjarskiptaþjónustu fyrir tilstuðlan dótturfyrirtækja sinna T-Mobile Netherlands B.V. og T-Mobile Thuis B.V. (TMT) sem eru alfarið í eigu þess. TMNL er eigandi farsímanets sem nær til alls landsins og veitir með því 2G, 3G, 4G og NB-IoT-farsímaþjónustu. TMT veitir fastlínubjónustu á smásölustigi, þ.m.t. breiðbands-, sjónvarps- og fastlínufarsímaþjónustu á grunni heildsöluaðgangs. Annað dótturfyrirtæki TMNL býður einkaviðskiptavinum sínum afslátt við kaup á símtækjum.
- Tele2 NL: fjarskiptafyrirtæki sem starfar í Hollandi sem rekstraraðili farsímaneta, eingöngu á grunni 4G, og veitir skilaboða- og gagnaþjónustu ásamt fastlínubreiðbandsþjónustu. Tele2 NL veitir einkaviðskiptavinum og viðskiptavinum í fyrirtækjageiranum þjónustu og, að takmörkuðu leyti, öðrum fyrirtækjum á sviði fjarskiptaþjónustu. Dótturfyrirtæki Tele2 NL starfrækja einnig net af smásöluverslunum í Hollandi og bjóða einkaviðskiptavinum afslátt við kaup á símtækjum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 162, 8.5.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8792 – T-Mobile NL/Tele2 NL

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2018/EES/30/02****(mál M.8865 – AIG/Validus)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. apríl 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- American International Group („AIG“) (Bandaríkjunum) og
- Validus Holdings Limited („Validus“) (Bermúda).

AIG nær fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Validus.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AIG: alþjóðlegt tryggingafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum í fyrirtækjageiranum og einkaviðskiptavinum ýmiss konar trygginga- og fjármálaþjónustu.
 - Validus: fyrirtæki sem starfar um allan heim á sviði trygginga, endurtrygginga, starfsábyrgðartygginga og fjárfestingaráðgjafar.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 162, 8.5.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8865 – AIG/Validus

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8913 – HPS/MDP/Capita)

2018/EES/30/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. apríl 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- HPS Investment Partners, LLC („HPS“) (Bandaríkjunum).
- Madison Dearborn Partners, LLC („MDP“) (Bandaríkjunum).
- Capita Specialist Insurance Solutions Limited („CSIS“) (Bretlandi).

HPS og MDP ná fullum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir CSIS.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - HPS: fjárfestingarfyrirtæki staðsett í Bandaríkjunum með áherslu á yfirtöku fyrirtækja og kerfisbundna fjármögnun eða endurfjármögnun félaga sem eiga við fjárhagsvanda að stríða.
 - MDP: framtakssjóður staðsettur í Bandaríkjunum.
 - CSIS: lítið fyrirtæki í Bretlandi sem veitir þjónustu á sviði tryggingamiðlun.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 162, 8.5.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8913 – HPS/MDP/Capita

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.8805 – Panalpina/DFG/PA NL Perishables)

2018/EES/30/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. apríl 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8805. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.8824 – Mitsui Rail Capital Europe/Siemens Nederland/JV)

2018/EES/30/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. apríl 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8824. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Pólland**2018/EES/30/06****Ríkisaðstoð SA.43127 (2015/NN) (áður 2015/N) – Endurskipulagning svæðisbundinnar járnbrautarþjónustu í Póllandi****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Póllandi, með bréfi dagsettu 23. janúar 2018, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjttíð. ESB (C 158, 4.5.2018, bls. 10). Athugasemdir skal senda með eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Póllandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Rúmenía**2018/EES/30/07****Ríkisaðstoð SA.43785 (2018/C) (áður 2015-PN, áður 2018/NN) – Aðstoð til endurskipulagningar við Complexul Energetic Hunedoara****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Rúmeníu, með bréfi dagsettu 12. mars 2018, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfarandi bréf birtist í Stjttíð. ESB (C 158, 4.5.2018, bls. 47). Athugasemdir skal senda með eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Rúmeníu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar**2018/EES/30/08****frá 8. desember 2017****um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins****(mál AT.40208 – Reglur um þátttöku Alþjóðaskautasambandsins)**

Hinn 8. desember 2017 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um breytingu á ákvörðun um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar ([Stjtuð. ESB C 148, 27.4.2018, bls. 9](#)), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar**2018/EES/30/09****Leiðbeinandi reglur um markaðsgreiningu og mat á þýðingarmiklum markaðsstyrk samkvæmt regluramma ESB um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt leiðbeinandi reglur um markaðsgreiningu og mat á þýðingarmiklum markaðsstyrk (SMP-leiðbeiningar) í samræmi við 2. mgr. 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ⁽²⁾. Heildarútgáfu af leiðbeinandi reglunum er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([C 159, 7.5.2018, bls. 1](#)).

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtuð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun um styrkveitingar á sviði samevrópskra fjarskiptaneta samkvæmt sjóðnum fyrir samtengda Evrópu fyrir árin 2014 til 2020 **2018/EES/30/10**

(Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2018) 568)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðalskrifstofa fjarskiptaneta, inntaks og tækni, auglýsir hér með eftir fimm tillögum í því skyni að veita styrki til verkefna í samræmi við forgangssvið og markmið sem skilgreind eru í vinnuáætluninni fyrir árið 2018 á sviði samevrópskra fjarskiptaneta samkvæmt sjóðnum fyrir samtengda Evrópu fyrir árin 2014 til 2020.

Óskað er eftir tillögum vegna þriggja eftirfarandi auglýsinga:

CEF-TC-2018-2: Sjálfvirkar þýðingar

CEF-TC-2018-2: rafræn afhending skjala

CEF-TC-2018-2: rafrænir reikningar

Áætluð fjárhæð, sem er til ráðstöfunar til verkefna sem verða fyrir valinu, vegna þessara þriggja auglýsinga, er 10,5 milljónir evra.

Frestur til að skila inn tillögum er til **18. september 2018**.

Einnig er óskað eftir tillögum vegna eftirfarandi auglýsingar:

CEF-TC-2018-5: Opinber gögn í opnum aðgangi

Áætluð fjárhæð, sem er til ráðstöfunar til verkefna sem verða fyrir valinu, vegna þessarar auglýsingar, er 18,5 milljónir evra.

Frestur til að skila inn tillögum er til **15. nóvember 2018**.

Þar að auki er óskað eftir tillögum vegna eftirfarandi auglýsingar:

CEF-TC-2018-3: Netöryggi

Áætluð fjárhæð, sem er til ráðstöfunar til verkefna sem verða fyrir valinu, vegna þessarar auglýsingar, er 13 milljónir evra.

Frestur til að skila inn tillögum er til **22. nóvember 2018**.

Upplýsingar um hverja auglýsingu er að finna á vefsetri áætlunarinnar fyrir samtengda Evrópu:

<https://ec.europa.eu/inea/en/connecting-europe-facility/cef-telecom/apply-funding/2018-cef-telecom-calls-proposals>

Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum**2018/EES/30/11**

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. mars til 31. mars 2018, sjá Stjtíð. ESB ([C 150, 27.4.2018](#), bls. 1.)